

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

### Ágrip úr réttarhari

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs: **Ágrip úr réttarhari (25%)**  
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%), ágrip úr réttarhari (25%).

Prófdagur: **1. nóvember 2014** **Kl.: 9:00 til 13:00**

Próftími alls: **4 klst.** **Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þ.m.t. forsíða: 3**

Leyfileg hjálpargögn: **Lög og reglugerðir** **Fylgiblöð: Engin**

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## 1. Ritgerð (15%)

Gerid grein fyrir eftirfarandi hugtökum:

1. Annars vegar jákvæð skilyrði og hins vegar neikvæð skilyrði gjaldþrotaskipta. (10%)
2. Bein nauðungarsöluheimild. (5%)

## 2. Krossar (10%)

**Athugið eftirfarandi:**

- (i) Hver kross vegur 2,0%.
  - (ii) Dregið er frá 0,5% fyrir hvert rangt svar.
  - (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
  - (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.
1. Hver eftirfarandi fullyrðinga er **rétt**:
    - ( ) Greiðslustöðvun er ótímabundið úrræði skuldara til að koma réttu lagi á fjármál sín til framtíðar.
    - ( ) Greiðslustöðvun er tímabundið úrræði sem kröfuhafar geta beitt til að knýja skuldara til greiðslu kröfu.
    - ( ) Greiðslustöðvun er tímabundið úrræði skuldara til að koma réttu lagi á fjármál sín til framtíðar.
    - ( ) Skuldari getur einungis óskað eftir heimild til að leita greiðslustöðvunar einu sinni á líftíma sínum.
    - ( ) Allir ofangreindir valkostir eru rangir.
  2. Hver eftirfarandi fullyrðinga er **röng**:
    - ( ) Við þingfestingu máls leggur stefnandi fram fyrir dómi stefnu og, eftir atvikum, þau gögn sem hann byggir mál sitt á.
    - ( ) Aðfararfrestur er stysti frestur sem má líða frá því aðfararheimild verður til og þangað til aðför má fara fram.
    - ( ) Í almennu einkamáli hefur aðilaskýrsla einungis áhrif á niðurstöðu máls ef það kemur eitthvað fram í skýrslunni sem er aðilanum óhagfellt m.t.t. málalíbúnaðar hans í málinu.
    - ( ) Mál til greiðslu á kröfu skv. vixli eða tékka er annað hvort hægt að höfða sem almennt einkamál eða skv. sérreglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
    - ( ) Heimilt er að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi skuldara ef gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá skuldara á síðustu tveimur árum áður en gjaldþrotaskiptabeiðnin er lögð fram.

3. Héraðsdómur hefur í dag kveðið upp dóm í almennu einkamáli tveggja aðila, þar sem alfarið var fallist á kröfu A um að B greiði honum tilekna fjárkröfu, ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Með tilliti til þessa, hver eftirfarandi fullyrðinga er **rétt**:
- Bæði A og B geta áfrýjað málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar, óháð niðurstöðu héraðsdóms, svo lengi sem það er gert á næstu þremur mánuðum.
  - A getur áfrýjað málinu til Hæstaréttar, að öðrum skilyrðum uppfylltum, til staðfestingar á dómi héraðsdóms í málinu.
  - Báðir ofangreindir kostir eru réttir.
  - A getur nú þegar fengið sýslumann til að selja fasteign B nauðungarsölu til fullnustu kröfu dómsins.
  - A getur nú þegar fengið sýslumann til að gera fjárnám í eignum B til tryggingar kröfunni.
4. Hver eftirfarandi fullyrðinga um sönnun í almennum einkamálum er **rétt**:
- Aðilar hafa almennt forræði á sönnunarfræslu, en dómari getur samt sem áður meinað aðila að leggja fram sönnunargögn í máli sem dómari telur sýnilega tilgangslaus fyrir málið.
  - Vitni er almennt skylt að gefa skýrslu í máli, en á hinn bóginn hvílir slík skylda ekki á einstaklingi sem á aðild að málinu.
  - Heimilt er að leggja fram í máli hljóð- eða myndbandsupptöku til sönnunar málsatvikum.
  - Sá aðili, sem heldur tilteknu atriði fram í máli, ber sönnunarbyrði fyrir því, en þarf þó ekki að sanna það sem talið er á allra vitneskju (alkunna) á þeim tíma þegar dómur gengur.
  - Allar ofangreindar fullyrðingar eru réttar.
5. Félagsdómur:
- Er dómstóll sem dæmir í ágreiningsmálum milli hlutafélaga og einkahlutafélaga.
  - Dæmir í málum sem Hæstiréttur vísar til hans.
  - Dæmir í ágreiningsmálum um t.d. verkföll og vinnudeilur, en dóma hans er í undantekningartilvikum hægt að kæra til Hæstaréttar.
  - Er staðsettur á Akureyri.
  - Er samningsbundinn gerðardómur, en fyrir hann er hægt að leggja mál sem aðilar hafa komið sér saman um að leggja fyrir dóminn, að því tilskildu m.a. að þeir hafi skriflega skuldbundið sig til að fylgja niðurstöðu dómsins.